

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Heiðarbrún 6, Stokkseyri, deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2023, tillögu að deiliskipulagi fyrir parhús á lóðinni Heiðarbrún 6-6a á Stokkseyri.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að lóðin Heiðarbrún 6-6a, á Stokkseyri, sem er 853 m<sup>2</sup> að stærð, verði parhúsalóð (6-6b) og að heimilt verði að byggja parhús. Húsið verði á einni hæð með risi. Hámarksveggghæð verði allt að 3,0 m og mænishæð allt að 5,0 m. Nýtingarhlutfall verði allt að 0,2.

Tillagan var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust og hefur niðurstaða bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar verið auglýst í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreind skipulagstillaga hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 2. mars 2023.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 17. mars 2023